

Kennsluáætlun

Bekkur: 4. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Anna Margrét Birgisdóttir

Tímafjöldi: 5 klst. á viku.

Námsgögn: Málrækt 1, Ritum rétt, Ragnars saga loðbrókar, lestrarbækur við hæfi hvers og eins, ýmis lesskilningsverkefni og annað efni frá kennara. Skrifarbækur frá MMS og Góður, betri, bestur.

Lykilhæfni: Námsgreinin kemur inn á eftirfarandi þætti samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

Tjáning og miðlun.
Skapandi og gagnrýnin hugsun.
Sjálfstæði og samvinnu.
Nýting miðla og upplýsinga.
Ábyrgð og mat á eigin námi.

Grunnþættir: Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: Læsi – Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun. Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
------------	-------------	---------------	---------

Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi geti: - Beitt skýrym og áheyrilegum framburði. - Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. - Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.	Nemendur eru hvattir til að sýna virðingu í samskiptum.	Námsmat felst í símati. Framkoma og tjáning metin.
-----------------------------	--	---	--

<p>Lestur og bókmenntir</p>	<p>Nemandi geti: - Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. - Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess. - Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum. - Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum. - Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</p>	<p>Nemendur eru kynntir fyrir ýmsum tegundum bókmennta þar sem reynir á hlustun, lesskilning, ritun og orðaforða. Yndislestur á morgnana þar sem nemendur velja sér lesefni eftir áhuga.</p>	<p>Námsmat felst í símati þar sem verkefni eru unnin reglulega og kannanir lagðar fyrir. Daglegur lestur heima og tvisvar í skóla. Lesferill er lagður fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu og Orðarún tvisvar sinnum, haust og vor. Samræmt próf í 4. bekk að vori.</p>
-----------------------------	---	---	--

Ritun	Nemandi geti: - Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. - Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. - Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð. - Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.	Ýmis konar ritunarverkefni unnin.	Námsmat felst í símati. Sögugerð þar sem hver vinnur á sínum hraða. Mat er lagt á vinnubrögð og ástundun. Þjálfun í skrifarbókum.
-------	---	-----------------------------------	---

Málfræði	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. - Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. - Gert sér nokkra grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. - Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta. 	Unnið er með helstu orðflokka, samheiti og andheiti.	Námsmat felst í símati þar sem reglulegar kannanir eru lagðar fyrir.
----------	--	--	--